



KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar

4. fundur 2011 (22. fundur)

EBj/

Fundur haldinn í skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar 01.07.2011 kl. 10 í Flugstöð Leifs Eiríkssonar.

Viðstaddir:

Guðmundur Björnsson	formaður skipulagsnefndar
Steinþór Einarsson	skipulagsnefnd
Guðlaugur H. Sigurjónsson	"
Páll Svavar Pálsson	"
Birgir Haraldsson	"
Sigurður Thoroddsen	"
Eiríkur Bjarnason	ritari skipulagsnefndar
Sigurður H. Ólafsson	skipulags- og byggingarfulltrúi

1. Aðalskipulag Keflavíkurflugvallar – skipulagslýsing og matslýsing

Skipulagsfulltrúi lagði fram drög að skipulagslýsingu og matslýsingu, dags. 23.06.2011, sem stjórn Isavia hafði samþykkt fyrir sitt leyti á fundi þann 30.06.2011, vegna væntanlegrar vinnu við endurskoðun aðalskipulags Keflavíkurflugvallar.

Miklar umræður spunnust um þann misskilning sem fram kemur í drögunum hver fer með skipulagsvaldið á Keflavíkurflugvelli. Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar er þar hvergi nefnd á nafn en sagt að Isavia ohf fari með skipulagsvald á svæði A.

Í 2.mgr. 8. gr. laga um stofnun opinbers hlutafélags um rekstur Keflavíkurflugvallar o.fl. segir eftirfarandi um skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar:

Félagið [áður Keflavíkurflugvöllur ohf, nú Isavia ohf] kostar og annast gerð deili- eða aðalskipulagsáætlana fyrir flugvallarsvæðið og leggur fyrir nefndina til afgreiðslu. Samþykki nefndarinnar við deili- eða aðalskipulagstillögu fyrir flugvallarsvæðið telst fullnaðarafgreiðsla málsins á sveitarstjórnarstigi.

Í 4. gr. starfsreglna um skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar sem settar voru af samgönguráðherra 10.11.2008 segir ennfremur m.a.:

Meginverkefni skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar eru:

- 1. Fjalla um stefnumörkun í skipulagsmálum Keflavíkurflugvallar*
- 2. Fjalla um skipulagstillögur sem hlutafélagið hefur látið vinna*
- 3. Afgreiða endanlega á sveitarstjórnarstigi aðal- og deiliskipulagstillögur*

Tilvitnuð lagagrein og starfsreglur skipulagsnefndarinnar taka af allan vafa um skipan hlutverka milli skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar og Isavia.



Farið var yfir fram komnar athugasemdir við skipulags- og matslýsinguna og ritara falið að breyta drögum í samræmi við þær og senda nefndarmönnum til endanlegrar skoðunar og samþykktar.

2. Endurskoðun deiliskipulags B – svæðis

Fjallað var um deiliskipulag B – svæðis. Í tímanna rás hafa verið gerðar nokkrar breytingar á deiliskipulaginu og eru þær til í stökum bútum. Skipulagsnefndin telur því rétt að gerður verði nýr og endurbættur heildstæður uppdráttur af skipulagssvæðinu þar sem settar verði inn áorðnar breytingar á skipulaginu og eftir atvikum verði auglýstar breytingar sem gera þarf á skipulaginu samhliða þeirri vinnu.

Skipulagsnefndin óskar því eftir við stjórn Isavia að framangreind vinna við endurskoðun deiliskipulags B – svæðis verði sett af stað.

3. Næsti fundur

Næsti fundur skipulagsnefndarinnar hefur ekki verið ákveðinn.

Fleira ekki gert, fundi slitið.